

Umhverfisstofnun
Áb. <u>G31</u>
16. maí 2013
8.14.1
Tilv. <u>VST20120600001</u>

Umhverfisstofnun  
Guðmundur B. Ingvarsson  
Suðurlandsbraut 24  
108 Reykjavík

Mosfellsbæ, 13.05.2013  
nr. erindis 201304249/21.2 sój

Efni: Umsögn Mosfellsbæjar varðandi starfsleyfi til handa Sorpu bs.


Á 1120. fundi bæjarráðs Mosfellsbæjar þann 8. maí 2013 var tekið fyrir erindi Umhverfisstofnunar dags. 10. apríl 2013 varðandi umsögn um starfsleyfi til handa Sorpu bs.

Bæjarráð gerði svohljóðandi samþykkt:

„Samþykkt með þremur atkvæðum að senda Umhverfisstofnun umsögn framkvæmdastjóra umhverfissviðs og umhverfisfulltrúa, varðandi starfsleyfi til Sorpu bs., ásamt athugasemdum 141. fundar umhverfisnefndar Mosfellsbæjar.“

Hjálögð er því ofangreind umsögn framkvæmdastjóra umhverfissviðs og umhverfisfulltrúa ásamt athugasemd 141. fundar umhverfisnefndar Mosfellsbæjar sem til samans mynda umsögn Mosfellsbæjar í málinu.

Virðingarfyllst  
f.h. bæjarráðs Mosfellsbæjar

  
Stefán Ómar Jónsson  
framkvæmdastjóri stjórnsýslusviðs

Afrit:

1. umsögn framkvæmdastjóra umhverfissviðs og umhverfisfulltrúa
2. athugasemdir umhverfisnefndar Mosfellsbæjar



## Umsögn (umbeðin, innra vinnuskjal)

Umsagnar óskaði: Bæjarráð  
Varðandi: SORPA bs.

Nr. erindis 201304249/21.2  
Dags.: 03.05.2013  
Málefni: Umsögn vegna starfsleyfis SORPU  
Afrit: Engin

Mosfellsbæ hefur fengið sent frá Umhverfisstofnun drög að starfsleyfi og starfsleyfisumsókn SORPU bs. vegna starfsemi í Álfnesi.

Til upprifjunar þá rann starfsleyfi SORPU bs. í Álfnesi út í desember 2012. Umhverfisráðuneytið ákvað að veita SORPU bs. undanþágu til áframhaldandi starfsemi frá ármótum til og með-loka október 2013 með óbreyttum skilyrðum. Umrætt starfsleyfi SORPU bs. er frá árinu 2001 og eru í því ákvæði sem ekki hafa verið uppfyllt svo sem kröfur um botnþéttingu. Nú liggja fyrir ný drög að starfsleyfi sem send hafa verið til umsagnar meðal hjá Mosfellsbæ. Mikilvægt er að mati umhverfissviðs að eftirtalin atriði verði skoðuð frekar:

- Krafa um botnþéttingu er ekki haldið á lofti í starfsleyfinu með nægilega afgerandi hætti brátt fyrir að lífræn efni séu skv. mælingum að skila sér út í næsta umhverfi við urðunarstaðinn.
- Í reglugerð um urðun kemur fram að óheimilt sé að urða fljótandi úrgang, engu að síður er tekið á móti slíkum úrgangi í talsverðu magni í Álfnesi og í starfsleyfi er gert ráð fyrir móttöku á fljótandi skólphrati þar sem fast efni er einungis 20%.
- Í drögum að starfsleyfi segir að móttaka á lyktarsterkum úrgangi skuli eiga sér stað við lokaðar aðstæður. Reyndin hefur þó verið að þær losanir eigi sér ekki stað við lokaðar aðstæður. Enn hefur sem dæmi ekki verið lokið við framkvæmdir við Gými þrátt fyrir að verklok hafi verið áætluð fyrir ári síðan. Ef ekki er hægt að losa slíkan úrgang við lokaðar aðstæður á skýlaust að gera þá kröfu að úrgangurinn verði brenndur í Kölku.
- Loka þarf fyrir það að SORPU bs. sé gert kleift að gera tilraunir með lyktsterkan úrgang á urðunarstaðnum svo nálægt byggð. Slík tilraunastarfsemi geti hins vegar átt sér í lokuðum rýmum svo sem innandyra í lokuðum skemmum.
- Mælingum og eftirliti er ekki stillt upp með nægilega reglulegum hætti í starfsleyfi. Ráða þarf aðila sem annast reglulegt/daglegt eftirlit þar sem eftirlit Umhverfisstofnunar sem er og hefur verið árlegum grunni er ekki nægjanlega titt og veitir því ekki nægilegt aðhald.
- Æskilegast væri að fá óháðan eftirlitsaðila í mengunarmælingar með starfseminni í Álfnesi sem ekki er greiddur beint af SORPU bs og skilar inn sínum niðurstöðum til næstu hagsmunaaðila, þ.e. Reykjavíkur og Mosfellsbæjar til dæmis í gegnum heilbrigðiseftirlit sveitarfélaganna.
- Setja þarf upp í starfsleyfi skýra, vel skilgreinda og árangursríka viðbragðsáætlun vegna lyktarmengunar eða annarra óhappa sem upp koma. Úðun með sjó og dreifing ilmefna getur virkað sem tímabundin viðbrögð en er ekki ásættanleg lausn.
- Skilgreina skal ásættanleg þekjuefni í starfsleyfi, þykkt, gerð, tíðni o.s.frv.
- Setja þarf hámark varðandi hæð og stærð á opnu stáli, þ.e á böggudum úrgangi í Álfnesi.
- Gerð er krafa í drögum að starfsleyfi að starfsleyfishafi skili inn áætlun um minnkun lyktarsterks úrgangs fyrir 1. janúar 2015. Vandséð er hvernig það

- eigi að ganga fyrir sig nema með tilkomu nýrrara gasgerðarstöðvar sem tekur við úrgangi frá sorpsamlaginu.
- Setja þarf stífar kröfur um frágang svæðisins í deiliskipulagi en þær eru ekki til staðar í dag og þá hefur SORPA bs. farið frjálslega með afmörkun athafnasvæðis, en starfsemin er nú þegar komin talsvert út fyrir afmörkun gildandi deiliskipulags.
  - Skilgreina þarf með skýrum hætti að það sé ekki hlutverk SORPU bs. að taka á móti sóttmenguðum úrgangi, hann eigi ávallt að brenna.
  - Gera þarf kröfu um að þær sérfræðiskýrslur sem unnar hafa verið fyrir SORPU bs. verði kynntar s.s. InPro skýrslan um áhættumat og lyktarmengun og niðurstöður liffræðinga og annarra sérfræðinga á umhverfi i Álfnesi og Leirvogi þar sem um stórt hagsmunamál er fyrir Mosfellinga að Leirvogur sé hreinn og ómengaður.
  - Í tengslum við væntanlegt umhverfismat nýrrar gasgerðarstöðvar þyrfi að huga að því að meta samlegðaráhrif frá núverandi starfsemi SORPU bs. í Álfnesi.
  - Ef kemur til byggingar nýrrar gasgerðarstöðvar í Álfnesi þarf að taka starfsleyfi upp að nýju

Í ljósi umfangs starfseminnar í Álfnesi er eðlilegt að núverandi starfsemi verði metin út frá lögum um mat á umhverfisáhrifum. Þó að verið sé að skoða mögulega gasgerðarstöð í Álfnesi þá liggur hvorki fyrir endanleg ákvörðun um þá framkvæmd né samþykkt á fjárveitingum til verkefnisins. Á meðan svo er verður að horfa á starfsemina án þeirra lausna sem gasgerðarstöð býður upp á og bráðabirgðaráðstafanir eða tilslakanir varðandi mengun eða lyktarvanda eru ekki ásættanlegar.

Virðingarfyllst.,  
Jóhanna Björg Hansen  
framkvæmdastjóri umhverfissviðs

Tómas Guðberg Gíslason  
umhverfisstjóri



<b>Heiti:</b>	Umhverfisnefnd Mosfellsbæjar - 141 (8.5.2013)
<b>Fyrirtæki:</b>	SORPA bs.
<b>Mál:</b>	Ósk um umsögn að tillögu að starfsleyfi fyrir Sorpu bs
<b>Númer:</b>	201304249
<b>Dagsetning fundar:</b>	8.5.2013 00:00:00
<b>Niðurstaða:</b>	Samþykkt
<b>Athugasemdir:</b>	Umsögn umhverfissviðs Mosfellsbæjar um drög að nýju starfsleyfi fyrir urðunarstað SORPU bs. í Álfnesi lögð fyrir umhverfisnefnd í samræmi við ákvörðun 1118. fundar bæjarráðs. Frestur til að skila umsögn var framlengdur til 16. maí 2013.
<b>Niðurstaða</b>	Umhverfisnefnd tekur undir fyrirriggjandi umsögn en leggur enn fremur áherslu á eftirfarandi atriði:
	<p>1) Gerðar verði mengunarmælingar á a.m.k. 6 mánaða fresti á þeim eftirnum sem berast út í næsta umhverfi urðunarstaðarins, í lofti, láði og legi. Mosfellsbær fái reglulega upplýsingar um niðurstöðuna.</p> <p>2) Almennt ætti orðalag starfsleyfis að vera skýrara og ekki slakað á kröfum frá því sem nú er í gildi.</p> <p>3) Upplýsa þarf í 2. mgr. gr. 2.1 í tillögu að nýju starfsleyfi á hvaða forsendu slakað hefur verið á kröfu um að meðhöndlun á úrgangi frá eldra starfsleyfi, og hvaða afleiðingar það getur haft fyrir Mosfellsbæ.</p> <p>4) Taka verður sérstakt tillit til umsagna Mosfellsbæjar vegna nábýlis sveitarfélagsins við urðunarstaðinn og í ljósi þeirra kvartana sem borist hafa frá íbúum í Mosfellsbæ.</p> <p>5) Huga þarf sérstaklega að eyðingu á vargfugli í og við urðunarstaðinn.</p> <p>6) Taka þarf lyktarmengun fastari tökum en nú er gert.</p>